

# Fundargerð

## Samráðsfundur með þeim landeigendum sem nýta bjargið til eggjatöku vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

Haldinn á Umhverfisstofnun og í gegnum Teams þann 3. febrúar 2022 kl. 15:00-15:50

### Fundarmenn:

Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar

Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda og þeirra sem nýta bjargið til eggjatöku

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

Valur Helgason, fulltrúi landeigenda og þeirra sem nýta bjargið til eggjatöku

### Markmið fundar/Dagskrá

1. Fá upplýsingar um það hvernig nýtingin er og hvernig hún er áætluð til framtíðar
2. Fá upplýsingar um það hvaða væntingar fulltrúar hafa í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið
3. Aðrar umræður

Rætt var almennt um hvernig eggjatöku er háttað í bjarginu og m.a. komu upplýsingar fram um eftirfarandi:

### 1. Hvernig er nýtingin?

- Á hvaða tíma árs er verið að nytja Látrabjarg til eggjanytja?: *Frá miðjum maí til mánaðarmóta maí/júní á ca. tveggja vikna tímabili en getur hnikað til um einhverja daga eftir því hvernig tíðin er.*
- Hverjir eru það sem nytja?: *Eingöngu landeigendur og Björgunarsveitin Blakkur (sækir árlega um leyfi til Ríkiseigna til að sækja egg á Bæjarbjarg, þann hluta Látrabjargs sem er í ríkiseigu). Landeigendur sjá ekki fyrir sér að það breytist. Landeigendur aðstoða björgunarsveitina stundum með því að síga á sigstaði á Bæjarbjargi og láta þeim eggin í té til fjáröflunar. Þekking landeigenda á eggjanytum flyst milli kynslóða þar sem þeir eldri kenna hinum yngri að umgangast bjargið.*
- Egg hvaða fugla er helst verið að nytja?: *aðallega langvíu.*
- Hvaða tæki eru notuð við eggjanytjar?: *Áður fyrr var gengið en í dag er notast við sexhjól til að komast á sigstaði á bjarginu með vaðinn (sem er þungur). Vegslóði sem liggur frá Bjargtöngum, framhá Bugatjörnum, upp Seljadal og að bjargbrún er einvörðungu notaður við eggjanytjar. Landeigendur eru sammála því að takmarka eigi aðgengi að slóðanum við þann eina tilgang.*
- Þegar þeir eru á hjólunum, er farið út fyrir slóðann? *Að litlu leyti, nálægt brúninni. Þar sjást aðeins förin rétt á eftir en ekki er um rof í gróðurþekju að ræða.*
- Hvað með framsal heimilda til eggjatöku?: *Landeigendur eru sammála um að það eigi ekki að vera möguleiki á framsali heimilda eða til að veita öðrum leyfi til eggjanytja. Í umsögn NÍ við friðlýsingarskilmála Látrabjargs kemur sama sjónarhorn fram, þ.e. að rétt til nytja skuli ekki vera heimilt að framselja. Fundarfólk er sammála um að þetta þurfi að ávarpa í stjórnunar- og verndaráætlun um svæðið.*

## Stjórnunar- og verndaráætlanir

- Eru einhver tæki eða tól sem eru alltaf á sigstöðunum, í hvað festist reipið? *Engin tæki eru á sigstöðunum, þau eru flutt þangað á sexhjólí þegar þarf að nota þau. Menn á bjargbrún halda í vaðinn, 3-4 í senn en einnig er þar til gert tæki sem fest er á sexhjólíð þegar vaðurinn er hífður. Aðferðir hafa þróast talsvert frá því sem var á fyrri tímum. Í dag eru talstöðvar notaðar en áður fyrr voru gefin merki með því að kippa í vaðinn þar sem fjöldi kippa táknaði fyrirskipanir svo sem „slaka“, „hífa“ o.s.frv.*
- Er eitthvað sem fulltrúum þeirra sem nytja egginn finnst að þurfi að fjalla um og varðar nytjarnar? Þarf að setja ramma, eru ástæður til að ætla að einhverntímann þróist aðferðir sem landeigendur væru ekki sáttir við eða er nóg að taka fram að landeigendur nytji bjargið eftir hefðinni og standi vörð um þá þekkingu og minjar sem tengjast því? *Í rauninni ekki – landeigendur hafa haft gæfu til að umgangast bjargið af fagmennsku alla tíð – hafa gætt vel að því að náttúran njóti vafans.*
- Í skilmálum er talað um „hefðbundnar nytjar s.s. eggjatöku“, er einhverjar aðrar „hefðbundnar“ nytjar? *Nei, í dag nytja landeigendur ekki fugl í bjarginu og hann hefur ekki verið háfaður síðan fyrir stríð. Meðferð skotvopna er bönnuð nema til minka- og refaveiða.*
- Er ástæða til þess að ávarpa aðrar nytjar í stjórnunar og verndaráætlun? *Fugl hefur ekki verið háfaður í marga áratugi svo segja má að það flokkist ekki sem hefðbundnar nytjar. Þegar fugl var nytjaður voru egg aldrei tekin á sama stað. Langvían var sú tegund sem helst var nytjuð og fuglinn var þá geymdur í fuglabyrgjum þar sem halda þurfti honum frá sólarljósi svo kjötið spilltist ekki, þá var einnig vaðbyrgi þar sem vaðurinn sem notaður var við bjargsigið var geymdur í til að vernda vaðinn. Lundaveiðar voru ekki stundaðar á Látrabjargi í minni landeigenda og hann er í dag mestur á svæðum sem eru óaðgengileg öðrum en fljúgandi. Þeir telja að lundi hafi fært sig úr brúninni við Bjargtangavita til að fá frið fyrir túristum. Það eru engar aðrar hefðbundnar nytjar en eggjataka.*
- Er til skráning yfir sigstaði? *Það er til örnefnaskrá yfir allt Látrabjarg, hluti þessa örnefna eru jafnframt sigstaðir bjargsins.*
- Væri ástæða til þess að setja tímaramma eggjanytja inn í stjórnunar- og verndaráætlun? Eða ef ekki, að ávarpa þetta? *Landeigendur fara að jafnaði alltaf á svipuðum tíma, eggjataka hefst að jafnaði upp úr miðjum maí og standi yfir í viku – 10 daga, stundum fram yfir mánaðamót en fer eftir tíð og náttúrufari.*
- Hvað eru þetta stórir hópar fólks sem nytja bjargið í dag? *Ekki stórir hópar – þeir nytja sem hafa áhuga – öllum landeigendum er frjálst að fara í bjargið og ekki sett nein skilyrði eða takmörk. Það sem takmarkar er þekkingar- og kunnáttuleysi fremur en annað. Það er mikil ábyrgð að síga eftir eggjum í bjargið og ekki nema fyrir þá sem hafa kunnáttu og skilning. Þessvegna eru ekki fleiri sem eru að kíkja eftir. Þeir eru ca. sjö í hverjum hóp en færa öllum landeigendum eggjahlut, þeir eiga rétt á landshlut og sá siður hefur verið á frá tímum Grágásar. Það krefst einnig kunnáttu að koma að bjarginu frá sjó og setja fólk í land til eggjatöku, alda og annað, grynningar o.fl. sem þarf að passa sig á.*
- Varðandi klifur: landverðir hafa orðið varir við áhuga hjá klifurfólki á því að fara niður bergvegginn á Látrabjargi. Er ástæða til að girða fyrir almennt klifur í Látrabjargi í stjórnunar- og verndaráætlun vegna hugsanlegrar truflunar á lífríki og vegna öryggisástæðna? *Landeigendur alveg sammála því.*

## 2. Væntingar

- Hvaða væntingar hafa þeir landeigendur sem stunda nýttjar? *Að þess sé gætt að framtíðarnyttjar verði með þeim hætti sem þær eru í dag, í sátt við umhverfið og náttúruna. Ennfremur að þeir verði hafðir með í ráðum í öllu samtali við ákvarðanir í tengslum við stjórnunar- og verndaráætlun. Einnig að það verði rætt við þá varðandi vísindastarf og mat á sjálfbærni.*

## 3. Aðrar umræður

Auk þess var lítillega komið inn á flug mannaðra loftfara og fjarstýrða loftfara nálægt bjarginu og reynslu landeigenda hvað varðar áhrif sem það hefur á fuglinn á varptíma. Við truflun af loftfari taki fuglinn snögg viðbragð og þá geta egg og ungar hreinsast út af syllunum þegar foreldrið flýgur burt þar sem rýmið er naumt. Fundafólk er sammála um að það sé mikilvægt að upplýsa fyrirtæki um þær afleiðingar sem flug við bjargið getur haft á lífríkið sem verið er að vernda.